

leitt í ljós, að aðbúnaði á vinnustað hafi að neinu öðru leyti verið áfátt frá hendi stefnda.

Samkvæmt framangreindu verður slysið hvorki rakið til vanbúnaðar á vinnustað né til mistaka af hálfu manna þeirra, sem stefndi ber ábyrgð á, enda verður í því sambandi að líta á, að stefnandi fór ógætilega með því að fara fremst fram á þiljur skipsins, þar sem þær eru mjóstar, en aðeins lág brún á milli þeirra og opinnar lestarinnar, og án þess að hafa annan stuðning en af framangreindum vír. Verður heldur eigi séð, að stefnanda hafi borið nauðsyn til að vera á stað þessum til að fylgjast með lestun skipsins, og hefur honum verið í lófa lagið að vera þar, sem hætta var minni, t. d. aftar á þiljum skipsins. Þar sem slysið verður eigi heldur rakið til annarrar áhættu, sem stefndi lögum samkvæmt ber ábyrgð á, ber að sýkna hann af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Gaukur Jörundsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Ögmundi Jónssyni verkfræðingi og Jóni Sigurðssyni skipstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Íslenzkir Aðalverktakar s/f, er í máli þessu sýkn af kröfum stefnanda, Elíasar Guðmundssonar.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 1. júní 1966.

Nr. 11/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Svani Jónssyni

(Guttormur Erlendsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fiskveiðabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn 28. febrúar 1966 voru í sakadómi Reykjavíkur dómkvaddir þeir Karl Magnússon og Sigurður Þórarinsson skipstjórar til að segja álit sitt um, „hvort möguleiki sé á því,

að bátur ákærða, Fram, AK 58, hafi rekið um 0.8 sjómílur að landi, inn í fiskveiðilandhelgina, á tímabilinu kl. 0545—0613 „hinn 3. október 1965“ við þær aðstæður, sem lýst er í rannsókn málsins“. Hinir dómkvöddu menn skiluðu álitserð hinn 14. marz 1966 og staðfestu hana fyrir dómi 1. apríl s. á. Þeir segja m. a.: „Umræddan dag, 3. október 1965, var smæstur straumur og á tímabilinu frá kl. 0545—0613, mjög nærri fallaskiptum. Við teljum því mjög ólíklegt, að umræddan bát hafi rekið 0.8 sjóm. á 28 mín., eða með 1.7 sjóm. hraða. Eins og fram hefur komið við rannsókn málsins, var logn á umræddu tímabili og því ekki um rek vegna vinds að ræða“.

Skólastjóri Stýrimannaskólans, Jónas Sigurðsson, hefur markað á sjóuppdrátt staði báts ákærða, Fram, Ak 58, hinn 3. október 1965 samkvæmt mælingum varðskipsmanna. Mældust honum staðir báts ákærða svo sem hér segir:

- | | | | |
|----|-----------------|------------|----------------------|
| 1. | staður kl. 0613 | um 0.7 sm. | innan fiskveiðimarka |
| 2. | — — 0634 | — 0.8 — — | — — — — |
| 3. | — — 0658 | — 1.0 — — | — — — — |

Þá markaði skólastjórinn á annan sjóuppdrátt staði báts ákærða samkvæmt mælingum varðskipsmanna, en reiknaði „þá með 2½% fjarlægðarskekkju og 1° miðunarskekkju, bátnum í hag. Er það í samræmi við þá nákvæmni, sem framleiðendur gefa upp fyrir Kelvin Hughes ratsjá v/s Alberts af gerðinni 14/9“. Mældust honum þá staðir bátsins svo sem hér segir:

- | | | | |
|----|-----------------|------------|----------------------|
| 1. | staður kl. 0613 | um 6.6 sm. | innan fiskveiðimarka |
| 2. | — — 0634 | — 0.6 — — | — — — — |
| 3. | — — 0658 | — 0.85— — | — — — — |

Samkvæmt eiðfestu vætti Þorvalds Birgis Axelssonar, 1. stýrimanns á v/s Albert, og Peters Guðjóns Petersens, 2. stýrimanns á v/s Albert, voru toghlerar m/b Fram, AK 58, úti, skömmu áður en v/s Albert kom að bátnum.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, verður að telja sannað, að bátur ákærða, Fram, AK 58, hafi verið að ólöglegum veiðum innan fiskveiðimarka á þeim tíma, sem mál þetta fjallar um.

Varðar brot ákærða við lagaboð þau, er í ákæru greinir. Ákveðst refsing hans samkvæmt málavöxtum og með hliðsjón af því, að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 pappírskrónum, kr. 25.000.00 sekt til Landhelgissjóðs Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá skulu allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir m/b Fram, Ak 58, vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Svanur Jónsson, greiði kr. 25.000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi varðhald 20 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, bátsins Fram, AK 58, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guttorms Er-lendssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 12. október 1965.

Ár 1965, þriðjudaginn 12. október, var á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð var í skrifstofu embættisins af Stefáni Hirst ásamt meðdómsmönnum Þorsteini Einarssyni og Þorsteini Eyjólfssyni kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1198/1965: Ákæruvaldið gegn Svani Jónssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur með ákæru saksóknara ríkisins, dags. 9. þ. m., verið höfðað gegn Svani Jónssyni skipstjóra, Suðurlandsbraut 106 í Reykjavík, fyrir að hafa gerzt sekur

um fiskveiðibrot samkvæmt 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961 um fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 44/1948 og lög nr. 33/1922, sbr. enn fremur 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1959 um breytingu á þeim lögum, með því að hafa verið að botnvörpuveiðum á vélbátnum Fram, AK 58, árdagis sunnudaginn 3. október 1965 suður af Reykjanesi innan fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í 1. gr. reglugerðar nr. 70/1958, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 3/1961.

Ákærast því nefndur Svanur Jónsson til að sæta refsingu samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1958, sbr. nú 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. 3. gr. laga nr. 44/1948 og 1. gr. laga nr. 81/1952 um breytingu á þeim lögum, sbr. enn fremur 3. gr. laga nr. 5/1920 og 1. gr. laga nr. 5/1951 um breytingu á þeim lögum, til að sæta upptöku afla og veiðarfæra nefnds báts og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er á sakhæfisaldri, fæddur að eigin sögn 28. ágúst 1923 í Höfnum, Gullbringusýslu. Hefur hann áður sætt eftirtöldum kærnum og refsingum, svo að vitað sé:

1946	26/3	í Keflavík:	Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óeirðir.
1948	9/1	í Reykjavík:	Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.
1950	12/9	— —	Dómur: 60 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
1951	6/2	— —	Sátt, 100 kr. sekt, 575 kr. skaðabætur fyrir ölvun, óspektir og spellvirki.
1953	10/12	— —	Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 17. gr. áfengislaga.
1954	20/7	— —	Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
1956	12/12	— —	Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á 15. gr. lögreglusamþykktar.
1957	10/9	— —	Dómur: 3 mánaða fangelsi, 3.700 kr. sekt, sviptur réttindum fyrir dragnótaveiðar í landhelgi og brot á 142. sbr. 32. gr. hegningarlaga.
1958	15/5	— —	Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1958 12/11 í Reykjavík: Dómur Hæstaréttar í máli nr. 3420/1957: 5.000 kr. sekt fyrir framangreint brot.
- 1960 9/11 — — Dómur: 15 daga varðhald, sviptur öku-leyfi í 1 ár fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.
- 1961 29/7 — — Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 3. þ. m. var varðskipið Albert á eftirlitsferð suður af Reykjanesi. Gerðu varðskipsmenn staðarmælingar kl. 0613, 0634 og 0658. Reyndist báturinn við mælingarnar 0.8, 0.9 og 1.1 sjóm. innan við fjögurra sjómílna fiskveiðitakmörkin á þessum slóðum.

Kl. 0656 kom varðskipið að bátnum. Reyndist hann vera m/b Fram, skipstjóri Svanur Jónsson. Voru skipverjar þá að taka inn botnvörpuveiðarfæri.

Við yfirheyrslu í dómi hefur skipherra varðskipsins staðfest staðarmælingar varðskipsmanna og útfærslu þeirra á sjókortið. Kveðst skipherra hafa unnið að mælingunum ásamt stýrimönnum sínum. Vitnið kveðst hafa séð toghlera bátsins hangandi í gálganum kl. 0653, en kl. 0656, er varðskipið kom að m/b Fram, kveðst vitnið hafa séð „grandarana“ liggja út um gálgarúllurnar, og sá vitnið, er botnvarpan var hífð um borð í m/b Fram. Ekki tók vitnið eftir, hvort fiskur var í vörpunni.

Stýrimenn varðskipsins hafa og borið vætti í málinu og staðfest staðarmælingar samkvæmt skýrslu skipherrans og útfærslu á sjókortið. Báðir kveðast þeir hafa séð toghlera bátsins úti og vörpu í sjó.

Við yfirheyrslu hér í dómi hefur ákærði ekki vefengt staðar-ákvarðanir Landhelgisgæzlunnar. Kveður hann bát sinn búinn ratsjá og hafi hann gert staðarmælingu, áður en hann hóf að hífa kl. 0545. Telur ákærði, að samkvæmt greindri mælingu hafi báturinn verið á línu eða rétt utan við hana. Við togið kveður ákærði bakreipi í forhlera hafa slitnað, og kveðst hann hafa orðið að setja keðjustoppa á „grandrópana“ til þess að geta lásað úr. Hafi þeir bátsverjar verið að ljúka við að lagfæra þetta, er varðskipið kom að, og botnvarpa bátsins verið enn í sjó. Í vörpunni voru umrætt sinn, að sögn ákærða, kannski tvær körfur af karfa.

Aðrir bátsverjar hafa borið vætti í málinu. Bera þrír þeirra,

að umrædd hífing hafi hafizt laust fyrir kl. 0600, að því er þeir telja. Þá styður vætti bátsverja frásögn ákærða af fyrrgreindri bilun veiðarfæranna, að hífingunni hafi verið að ljúka, er varðskipið kom að, svo og, að nokkur fiskur hafi verið í vörpunni, er hún var tekin um borð í bátinn.

Samkvæmt staðfestum mælingum yfirmanna varðskipsins þykir sannað, að m/b Fram hafi verið innan fiskveiðitakmarka umrætt sinn. Hins vegar kveðst ákærði hafa verið á fiskveiðitakmörkun eða rétt utan við þau, er hann hóf að hífa kl. 0545, en hífingu þeirri var rétt að ljúka, er varðskipið kom að. Með eigin framburði ákærða, sem studdur er vætti vitna, þykir mega telja sannað, að báturinn hafi ekki verið að veiðum í merkingu 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920, er varðskipsmenn gerðu staðarmælingar sínar umrætt sinn. Ber því að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 1. gr. laga nr. 5/1920 og 1. mgr. 1. gr. reglug. nr. 87/1958.

Með því hins vegar að láta bát sinn berast inn fyrir fiskveiðitakmörkin með ólöglega umbúin veiðarfæri þykir ákærði hafa gerzt sekur um brot á 2. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70/1958 og 4. gr. reglug. nr. 3/1961, sbr. 1. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 87/1958, sbr. og lög nr. 44/1948.

Gullgengi íslenzkrar krónu er nú þannig, að 100 gullkrónur jafngilda 1.951.09 seðlacrónum.

Samkvæmt vottorði bæjarfógetans á Akranesi er m/b Fram, AK 58, 63 lestir brúttó að stærð.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 70/1958 og 7. gr. reglugerðar nr. 3/1961, sbr. og 3. gr. laga nr. 44/1948, hæfilega ákveðin 8.000 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 20 daga varðhad í stað hennar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr. laga nr. 5/1920 eru ekki efni til að taka til greina kröfu ákæruvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, nema hvað kostnaður við mat á afla og veiðarfærum greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Svanur Jónsson, greiði 8.000.00 króna sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Krafa ákærvaldsins um upptöku afla og veiðarfæra er ekki tekin til greina.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, nema hvað kostnaður við mat á afla og veiðarfærum greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. júní 1966.

Nr. 92/1966. **Hrólfur Þórarinsson**
 (Bárður Jakobsson hdl.)
 gegn
Djúpbátnum h/f og Eir h/f
 (Sigurður Sigurðsson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Skip. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. júní 1966. Hann krefst þess, að stefndu verði dæmt að greiða honum óskipt kr. 50.074.21 ásamt 9% ársvöxtum frá 5. marz 1964 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Er áfrýjandi flutti bát sinn Pólstjörnuna í bátahöfn Ísa-fjarðar hinn 10. janúr 1964 kl. 1600 lá Fagranes (hið eldra) þar við hafnargarð, næst utan á því v/b Sædis og enn utan á þeim báti v/b Ölver. Sama dag kl. 2240 var v/s Fagranesi (hinu yngra), eign stefnda Djúpbátsins h/f, lagt milli Fagraness (eldra) og Pólstjörnunnar. Loks kom v/b Guðbjartur Kristján, eign stefnda Eirar h/f, í höfnina hinn 11.